



Velferðarnefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis, nefndarsvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2019  
1910152/sh/lb

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 41/2007, með síðari breytingum (skrá um heilabilunarsjúkdóma)**

Velferðarnefnd Alþingis sendi Embætti landlæknis til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um lýðheilsu, nr. 71/2007, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er lagt til að nýr töluliður bætist við 2. mgr. 8. gr. laganna og sé hann svohljóðandi: Skrá um heilabilunarsjúkdóma.

Embætti landlæknis tekur undir að mikilvægt sé að hafa góða yfirsýn yfir þennan flokk sjúkdóma og gerð og rekstur landsskrár um heilabilunarsjúkdóma myndi auðvelda þá yfirsýn. Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu er tilgangur heilbrigðisskráa einmitt að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með þjónustunni, tryggja gæði hennar og meta árangur þjónustunnar, ásamt því að nota þær við gerð áætlana um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu og vísindarannsóknunum. Gögn úr heilbrigðisskrám eiga einnig að nýtast við áætlanagerð og stefnumótun heilbrigðisyfirvalda.

Embætti landlæknis tekur einnig undir að eðlilegt sé að landsskrá um heilabilunarsjúkdóma eigi sér stoð í lögum um landlækni og lýðheilsu eins og aðrar heilbrigðisskrár.


Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að verði frumvarpið samþykkt muni hljóta af því einhver kostnaður vegna aukinna verkefna hjá embætti landlæknis.


Það er mat embættis landlæknis að mikilvægt sé að gera sér í upphafi grein fyrir því að ef koma á fót slíkri skrá þá hefur það í för með sér umtalsverðan stofnkostnað. Einnig verður að gera ráð fyrir rekstrarkostnaði þegar skráin er komin á fót ef hún á að skila þeim ábata sem að er stefnt. Þess vegna er nauðsynlegt að vinna nánari þarfagreiningu og leggja raunhæft mat á bæði stofn- og rekstrarkostnað og fjármagna verkefnið í samræmi við það.

Í lögum um landlækni og lýðheilsu frá árinu 2007 er tilgreint að embættinu sé heimilt að halda tíu tilgreindar heilbrigðisskrár á persónugreinanlegu formi. Sjö af þessum skráum voru þegar í rekstri eða voru í undirbúningi þegar löggin voru sett. Þær skrár höfðu byggst hægt upp á löngum tíma og flestar án þess að sérstakt fjármagn væri sett til þeirra. Í lögnum 2007 var bætt við heimild fyrir þremur skráum til viðbótar, þ.e. skrá um hjarta- og æðasjúkdóma, skrá um taugasjúkdóma og skrá um sykursýki. Ekki var gert ráð fyrir neinu viðbótarfjármagni til embættisins til þess að koma þessum skráum á fót og reka þær. Þeim hefur því enn ekki verið komið á fót og verður ekki nema til komi sérstakt fjármagn. Hafin er vinna við að meta kostnað við gerð sykursýkisskrár og reynt verður að fjármagna gerð hennar en óljóst hver niðurstaðan verður.

Það sama á við gerð skár um heilabilunarsjúkdóma. Henni verður ekki komið á fót nema til þess fáiist fjármagn.

Virðingarfyllst,

  
Leifur Þórðarson, starfandi landlæknir

  
Sigríður Haraldsdóttir,  
sviðsstjóri heilbrigðisupplýsinga

Til nefndasviðs alþingis

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefur fjallað um erindi um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, með síðari breytingum, og styður erindið eindregið.

Virðingarfyllst f.h Félags eldri borgara,

Sigríður Snæbjörnsdóttir  
varaformaður